



## **281. Stjórnarfundur haldinn 1. febrúar 2007 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

### **2. Innkominn bréf.**

Engin.

### **3. Send bréf.**

Bréf sent Friðgeiri M. Baldurssyni útibústjóra Landsbanka Íslands í Reykjanesbæ v/ yfirdráttar körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.

### **4. Aðalfundur félagsins 2007.**

Ákveðið að halda aðalfund félagsins 28. febrúar 2007 í félagsheimili félagsins að Hringbraut 108. Farið yfir praktísk atriði fyrir aðalfund. Framkvæmdastjórar falið að vinna að undirbúningi fundarins samkvæmt því sem ákveðið var á fundinum.

### **5. Önnur mál.**

Rætt um aðalfundi og stöður deilda en allar deildir félagsins eru búin að halda sína aðalfundi. Sigurvin Guðfinnsson var skipaður fulltrúi aðalstjórnar í væntanlega nefnd með körfuknattleiksdeild félagsins sem fer yfir stöðu deildarinnar hvað varðar fjármál hennar. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna körfuknattleiksdeild með skipan Sigurvins. Umræður um knattspyrnusvæðið á Hringbraut en stjórnarmenn eru inn á því að byggja eigi upp Keflavíkurvöll sem aðalvöll bæjarins en nú er ljóst að mikil frestun verður á uppbyggingu íþróttaleikvangs við Reykjaneshöll. Rætt um hvort grundvöllur væri til að greiða út peninga til deilda. Ákveðið að fresta frekari ákvörðun um þetta atriði til næstu aðalstjórnar eftir aðalfund. Ákveðið að boða til formannafundar 15. febrúar kl.20:00 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108.

Næsti fundur er 15. feb. 2007 kl.18:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:45

